

**Atvinnuveganefnd,
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík.**

Mál 647- umsögn Veidifélags Laxdæla um frumvarp til breytinga á lögum nr.71/2008

Veidifélag Laxdæla varar við stórfelldum áformum um sjókvíaeldi á norskum laxi í sjókvíum og leggur þunga á herslu á að ýrtruðu varúðar verði gætt varðandi uppbyggingu sjókvíaeldis við Ísland. Veidifélagið krefst þess að varúðarsjónarmið verði lögð til grundvallar við breytingar á fiskeldislögum. Lýsir veidifélagið vonbrigðum með að með frumvarpinu er ekki mörkuð skýr stefna um að stefnt skuli að umhverfisvænni framleiðsluaðferðum í sjókvíaeldi. Þvert á móti eru einsstök ákvæði frumvarpsins til þess fallin að gjaldfella vísindalega ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar

Stjórn veidifélagsins mótmælir því harðlega að lögfest verði óbreyttákvæði um að samráðsnefnd um fiskeldi hafi það verkefni með höndum að gefa ráðgefandi álit á áhættumati erfðablöndunar. Augljóst er að með ákvæðinu er verið að opna leið til þess að stjórnmalamenn og hagsmunaaðilar geti haft áhrif niðurstöður áhættumatsins og bestu óháðar vísindaniðurstöður verði þar með ekki lagðar til grundvallar því magni af frjóum Norskum laxi sem heimilt verður að ala í sjókvíum við Ísland.

Stjórn veidifélagsins telur að ekkert sé því nú til fyrirstöðu að starfrækja laxeldi í sjó með geldum laxi. Bent er á í því sambandi að Fiskeldi Austfjarða hefur verið veitt rekstrarleyfi til að ala lax af geldstofni og verða seiðin sett út með vorinu. Það er því ekkert sem hamlar því að settar verði strangari reglur um þá laxastofna sem heimilt er að ala í sjó og beina fiskeldinu þannig inn á umhverfisvænni brautir. Það er því miður ekki gert í því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Veidifélag Laxdæla mótmælir því alfarið að lög leyfi að frjór norskur lax geti mögulega gengið í íslenskar laxveiðiár og valdið þar spjöllum á villtum laxastofnum.

Stjórn veidifélagsins minnr á að Erfðanefnd Landbúnaðarins hefur hvatt til þess að varúðar verði gætt við útgáfu eldisleyfa og Hafrannsóknarstofnun hefur með útgáfu áhættumats erfðablöndunar dregið línu í sandinn sem fráleitt er að færa til með lögum. Því telur veidifélagið að fella skuli brott bráðabirgðaákvæði frumvarpsins sem skyldar Hafrannsóknarstofnun til að endurskoða áhættumat erfðablöndunar innan 2ja mánaða frá gildistöku laganna. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að engin reynsla er komin á vistfræðilegar afleiðingar þess að halda 71.000 tonn af frjóum laxi í sjókvíum við Ísland þar sem núverandi framleiðsla nemur aðeins um 15% af úgefnu áhættumati. Veidifélagið leggst gegn stjórnlausu laxeldi í sjókvíum og minnr á að fiskeldislögin eru til verndar umhverfinu og óheimilt er að gildandi lögum að með laxeldi verði unnin spjöll á villtum nytjastofnum á Íslandi.

Þá bendir veidifélagið á að eftirlit Matvælastofnunar með sjókvíaeldi við Ísland er í skötulíki. Ekki er nóg að kveða á um innra eftirlit fyrirtækjanna líkt og gert er í frumvarpinu nema einnig komi til stórauikið opinbert eftirlit. Gerð er krafa um að fiskeldislögin kveði nánar á um þau efni.

Veidifélagið vekur athygli Alþingis á að nýting laxveiðihlunninda er mikilvægur og arðbær atvinnuvegur fyrir þjóðarbúið sem veitir liðlega 1.000 störf. Þá eru gríðarleg verðmæti falin í veiðihlunnindum og eignaréttur að þeim er varinn af friðhelgisákvæðum stjórnarskrár Lýðveldisins.

Dalabyggð 28. mars 2019.

F.h Veidifélags Laxdæla